

**Jónína Sigurðardóttir skrifar:**

## **Fjölbreytt úrræði og sveigjanleg**

Jónína Sigurðardóttir útskrifaðist úr iðjuþjálfun frá Háskólanum á Akureyri árið 2001. Hún er uppalin í Vestmannaeyjum og er dóttir Sigurðar Guðmundssonar (Sigga á Háeyri) og Elsu Einarsdóttur. Jónína hefur starfað á Æfingastöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra frá árinu 2001. Æfingastöðin sinnir umfangsmestu sjúkra- og iðjuþjálfun barna og ungmenna á landinu. Hlutverk stöðvarinnar er að efla börn og ungmenni með skerta færni og stuðla að virkri þátttöku þeirra í samfélaginu.

### **Þjónusta Æfingastöðvarinnar**

Á Æfingastöðinni er veitt iðjuþjálfun og sjúkraþjálfun í nánú samstarfi við skjólstaðinga, fjölskyldur þeirra og aðra sem veita þeim þjónustu og/eða umönnun. Stærsti skjólstaðingahópurinn eru börn á aldrinum 0-18 ára. Mörg þeirra eru greind með hreyfibróskaröskun, ADHD, einhverfu eða hreyfihömlun. Þjónustan fer að mestu fram í húsakynnum Æfingastöðvarinnar eða í nánasta umhverfi barnsins, svo sem í leikskóla, skóla eða á heimili þess. Lögð er áhersla á að þarfir og væntingar barnsins og fjölskyldunnar vísi veginn í þjónustunni og að úrræðin séu fjölbreytt og sveigjanleg.

### **Iðjuþjálfun**

Í iðjuþjálfun er lögð áhersla á að efla barnið í að nýta styrkleika sína til að ná auknum þroska, sjálfstæði og bættum lífsgæðum. Þannig má draga úr áhrifum skertrar færni í leik og daglegum viðfangsefnum. Þjálfunin miðar að þörfum hvers og eins og getur til dæmis beinst að eigin umsjá, fínhreyfifærni, félagsfærni, skynjun, aðlögun umhverfis, tölvuvinnu og / eða hjálpartækjum. Læknar vísa börnum í iðjuþjálfun og oftast eru það foreldrar eða fagaðilar sem hafa frumkvæði að því.

Mörg börn eiga í erfiðleikum með félagsleg samskipti og getur það valdið mikilli vanlíðan og haft heilmikil áhrif á fjölskyldu barnsins og þeirra daglega líf. Þetta á bæði við börn sem lenda í árekstrum við aðra í leik og einnig þau sem draga sig í hlé og einangrast. Það er því mikilvægt að grípa inn í sem fyrst því það er hægt að ná góðum árangri með þjálfun í félagsfærni.

### **Ávinningur fyrir samfélagið**

Gera má ráð fyrir að hlutfallslega þurfi sami fjöldi barna í Eyjum á iðjuþjálfun að halda eins og í öðrum sveitarfélögum. Eins og staðan er í dag er enginn starfandi iðjuþjálfari í Eyjum sem sinnir börnum sérstaklega. Þau þurfa því að sækja slíka þjónustu til Reykjavíkur. Því fylgir óneitanlega mikill kostnaður svo sem ferðakostnaður og uppihald, svo ekki sé minnst á vinnutap foreldra sem og þá fyrirhöfn sem þessu fylgir. Að þessu gefnu telur greinarhöfundur að til lengri tíma sé hagkvæmara fyrir Vestmannaeyjabæ að hafa starfandi barnaiðjuþjálfara í Eyjum.

Líklegra er að ná betri árangri í þjálfuninni ef hún fer markvisst fram í umhverfi barnsins. Erfitt getur reynst að ná tiltækum árangri þegar sækja þarf þjónustuna til annars bæjarfélags, sérstaklega þegar barnið þarf þjálfun einu sinni til tvisvar í viku í tvo til þrjá mánuði í senn.

### **Mikil vakning**



Mun minni bæjarfélög en Vestmannaeyjar hafa ráðið iðjuþjálfra til starfa í grunnskóla og/eða leikskóla sína og má þar nefna Dalvík og Þórshöfn. Iðjuþjálfar eru einnig t.d. starfandi á Heilbrigðisstofnun Austurlands og Suðurlands og sinna þar meðal annars þessum aldurshópi, 0-18 ára.

Mikil vakning um mikilvægi iðjuþjálfunar hefur átt sér stað um allan heim og er hún ein af þeim atvinnugreinum sem hefur vaxið hvað örast á undanförunum árum í Bandaríkjunum. Þar hafa menn áttað sig á að iðjuþjálfun er jafn sjálfsögð þjónusta við íbúa bæjarfélaga og önnur heilbrigðisþjónusta.